

Matvælastofnun  
b/t Erna Karen Óskarsdóttir  
Austurvegi 64  
800 Selfossi

Reykjavík, 2. júlí 2020  
UST202003-367/R.K.  
08.04

**Efni: Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis Samherja fiskeldis ehf. að Sigtúnum, Öxarfirði**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Samherja fiskeldis ehf. kt. 610406-1060, móttokin 11. mars 2019, fyrir starfsleyfi klakfiskastöðvar að Sigtúnum í Öxarfirði, Norðurþingi.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis þann 2. júlí 2020. Starfsleyfið tekur gildi við afhendingu Matvælastofnunar og gildir til 2. júlí 2036.

Starfsleyfið er gefið út á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnarefirlit. Undirritað starfsleyfi er hjálagt.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun stofnunarinnar um útgáfu starfsleyfisins er kæránleg skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar.



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson  
staðgengill forstjóri

Afrit af bréfi sent til: Samherji fiskeldi ehf. b/t Heiðdís Smáradóttir, Glerárgötu 30, 600 Akureyri.

# STARFSLEYFI

Eldi á klakfiski til hroгнаframleiðslu

## Samherji fiskeldi ehf.

Lögheimili: Glerárgata 30, 600 Akureyri,

Starfsstöð: Sigtún, Öxarfirði

Kt: 610406-1060

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir félagið Samherji fiskeldi ehf., kt. 610406-1060, fyrir eldi klakfiska til framleiðslu á hrognum í eldisstöð félagsins að Sigtúnum í Öxarfirði í sveitarfélaginu Norðurþingi. Samherji fiskeldi ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til eldis á laxfiskum (klakfiski) við hroгнаframleiðslu. Lífmassi í eldisstöðinni skal ekki vera meiri en 11 tonn á hverjum tíma.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi.

Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis.

Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin ásamt niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, ef við á.

#### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skulu vera áætlanir til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði, tækjum, rekstrarsvæði, olúgeymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Þar skal koma fram hvað gera skal annars vegar þegar um er að ræða tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar varanlega rekstrarstöðvun. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlanir um frágang ef hann telur þörf á. Í áætlunum skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlarnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal brunaliði Húsavíkur viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk á eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri seiðaeldis í stöðinni. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

#### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4,
- þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu,
- þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018,
- ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt,

- ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn,
- ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot, sbr. gr. 3.7, á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist, að mati stofnunarinnar, skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

Rekstraraðila er ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur. Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilega fresti til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi til bráðabirgða eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarlegt tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2 STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd neyðaráætlunar vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

## 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olúúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn og fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## 2.4 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.5 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætt er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

## 2.6 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

# 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi.

## Fóðurgjöf

### 3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

## Vatnsgæði og lífríki

### 3.3 Eldisvatn

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisins sbr. gr. 3.1.

### 3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukingu (heildarvöxtur) á ári og 60 kg/tonn köfnunarefni af lífmassaaukingu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda í eins meters fjarlægð frá útrás sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp:

- Hámarks breyting af völdum frárennslis: 2°C
- Súrefnismettun, lágmark: 70%
  - Má ekki fara undir 6 mg O<sub>2</sub>/l
- Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
- Ammóníak NH<sub>3</sub>: minna en 0.025 mg/l
- Súrefnisnotkun BOD<sub>5</sub>: hæst 4 mg O<sub>2</sub> /l (eða hæst COD: 20 mg/l)
- Olíu og fitubræk má ekki sjást
- Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l

### 3.5 Frárennslis

Vakta skal fosfór og köfnunarefni í vatni við inntak í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni, sbr. gr. 4.3, með greiningaraðferðum nánar skilgreindar í vöktunaráætlun rekstraraðila er Umhverfisstofnun samþykkir sbr. 5.1. Ef magn næringarefna verður til þess að hafa áhrif á vatnshlotið, t.a.m. þannig að það falli um flokk sbr. gr. 3.7, þá er Umhverfisstofnun heimilt að gera kröfu um frekari hreinsun á frárennslisvatni án þess að starfsleyfinu sé breytt.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrás í viðtaka getur Umhverfisstofnun veitt rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur,
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu. Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum gr. 1.7.



Við útrásir þar sem eldisvatn í fráveitu er veitt í viðtaka má ekki vera:

- Set eða útfellingar,
- þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir),
- olía eða froða,
- sorp eða aðrir aðskotahlutir,
- efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

### 3.6 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

### 3.7 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin losar frárennsli í bæjarlæk og rennur þaðan í vatnshlot nr. 102-1348-R sem nefnist Landsá. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi vatnhlotsins varðandi líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. gr. 1.6, ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk vatns skv. 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

### 3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

## Úrgangur

### 3.9 Dauðfiskur og fastefni úr frárennsli

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Endurnýta skal dauðfisk eins og kostur er t.d. í loðdýrafóður. Skriflegur samningur skal liggja fyrir við þann aðila sem tekur við dauðum fiski til meðhöndlunar og skal sá aðili hafa til þess öll tilskilin leyfi. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífniðurbjótanlegan úrgang.

Endurnýta skal lífrænan úrgang úr stöðinni eins og kostur er.

### 3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

EKKI er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífniðurbjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingu lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennsli og meltu) og innihalda tímasett

tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Áætluninni skal vera skilað fyrst til eftirlitsaðila ekki síðar en 1. nóvember 2020, til samþykktar. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð.

### 3.11 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og öðrum hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## Annað

### 3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

## 4 INNRA EFTIRLIT

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið.

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Lífmassa í stöðinni á hverjum tíma og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsi- og sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í stöðinni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður vöktunar sbr. gr. 5.1,
- magn næringarefni í frárennsli við mestu og minnstu fóðrun (losunarmælingar) sbr. gr. 4.3,
- tæming olúgildra séu þær til staðar,
- hreinsun á mengunarvarnarbúnaði,
- lyfjagjöf.

### 4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður en því er veitt í viðtaka. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.



### 4.3 Sýnataka og mælingar í viðtaka frárennslis

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD<sub>5</sub>). Fyrstu mælingar skulu fara fram á þeim tíma er vöxtur (lífmassaaukning) er í hámarki árið 2021, næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2022 og síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti.

Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila og vöktunaráætlun.

### 4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.7.

### 4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar, fyrir 1. maí ár hvert, umhverfisupplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

## 5 UMHVERFISVÖKTUN

### 5.1 Vöktun

Rekstraraðili skal sinna vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur sbr. gr. 3.7. Umhverfispætti skal nánar tilgreina í vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og er samþykkt af Umhverfisstofnun og endurskoðuð á þriggja ára fresti. Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

### 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni eldisstöðvar samkvæmt starfsleyfi þessu eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

## 6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 2. júlí 2036.

Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal 2.

Starfsemi er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram á sama stað þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 2. júlí 2020



Ólafur A. Jónsson  
staðgengill forstjóra



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

## VIÐAUKI 1

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 3.10 er kveðið á um að fyrsta áætlun um meðhöndlun úrgangs skuli liggja fyrir ekki seinna en 1. nóvember 2020.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að mæla efnainnihald eldisvatns í frárennsli fyrst þegar lífmassi er í hámarki árið 2021 og næst fyrir árslok 2022. Síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að skila mælingu á heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvisvar á ári við inntak í stöðina og við útrás.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum fyrir 1. maí ár hvert.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## FYLGISKJAL 1

### Ákvörðun tiltekinna ákvæða starfsleyfisins og losunarmörk og vöktun:

- i. Umhverfisstofnun hefur í gr. 3.4 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór og köfnunarefni í frárennsli (10 kgP/tonn af lífmassaaukningu árlega og 60 kgN/tonn af lífmassaaukningu árlega). Samkvæmt ákvæðum gr. 7.2 reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka, umfangi starfseminnar, samsetningu fóðurs og upptöku fisksins á næringarefnum við vöxt. Uppistaðan í lífmassanum er fullvaxinn hrygningarfiskur (hægur vöxtur en hár fóðurstuðull) sem skipt er í þrjá hrygningarhópa sem hrygna á mismunandi tíma árs. Fóðrun er mest á vaxtarskeiði klakfiska úr 60 gr í 6 kg en hlutfallsleg losun næringarefna í frárennsli er mest þegar klakfiskur missir lystina áður en hann hrygnir sem orsakar háan fóðurstuðul.
- ii. Til þess að geta metið hámarks losun fosfórs og köfnunarefnis við útrás í viðtaka er sett heimild í 2. mgr. greinar 4.3 sem skyldar rekstraraðila til að mæla fosfór og köfnunarefni við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis tvisvar á ári í stað hreinsunar á frárennsli þar sem losun næringarefna frá stöðinni er lítil vegna eðlis starfseminnar. Umhverfisstofnun er heimilt að skylda rekstraraðila til að hreinsa frárennsli ef niðurstöður vöktunar benda til þess að losun sé til þess fallin að hafa áhrif á viðtakann sbr. gr. 3.5.

## FYLGISKJAL 2

### **Greinargerð með útgáfu starfsleyfis Samherja fiskeldis ehf. fyrir klakstöð að Sigtúnum í Öxarfirði**

#### **1. Almenn**

Matvælastofnun tilkynnti Samherja fiskeldi ehf. að starfsemi félagsins í klakstöð að Sigtúnum í Öxarfirði væri rekstrar- og starfsleyfis skyld starfsemi og þyrfti að sækja um slíkt til stofnananna. Stöðin var byggð um 1990 og hafði starfsemin þar áður fallið undir heimild starfsleyfis Silfurstjörnnunnar hf. að Núpsmýri, undirritað 12. júní 2012, sem gildi til 1. júlí 2017. Gefið var út nýtt starfsleyfi að Núpsmýri þann 31. janúar 2019, þá á vegum Samherja fiskeldi ehf., en í því leyfi er ekki lengur heimild fyrir starfsemi að Sigtúnum.

Umhverfisstofnun barst umsókn frá Samherja fiskeldi ehf. um starfsleyfi fyrir klakstöðina að Sigtúnum í Öxarfirði, Norðurþingi þann 1. mars 2019. Umsóknin var formlega móttækin þann 11. mars 2019 og samþykkt sem fullnægjandi þann 28. mars 2019.

Umfang starfseminnar heimilar að hámarki 11 tonna lífmassa í stöðinni. Starfsemin felur í sér eldi á klakfiski og svo kreistun hans til að afla bleikjuhroga sem síðar eru klakin út. Bleikjuseiðin eru svo send í aðra seiðaeldisstöð á vegum Samherja fiskeldi ehf. þar sem þau eru alin enn frekar. Þar sem hluti klakfiskanna er í sveltum fyrir hrygningu þá er einungis hluti fiskanna í stöðinni í fóðrun á hverjum tíma. Um er að ræða framleiðsluaukningu á starfseminni sem fyrir var en hún var mjög lítil að umfangi. Gert er ráð fyrir að eftir stækkun verði heildarvöxtur í stöðinni 6 tonn á ári.

Orkustofnun gefur út nýtingarleyfi til vatnstöku samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Starfsemin nýtir sjálfrennandi vatn til eldisins úr uppsprettulindum á svæðinu. Önnur auðlindanýting fylgir ekki starfseminni. Umhverfisstofnun tilkynnti Orkustofnun engu að síður um gerð starfsleyfistillögu þann 19. desember 2019.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun að samræmingu vegna leyfisveitinga starfsleyfis og rekstrarleyfis og var einnig fengin rýni rekstraraðila á starfsleyfistillögu fyrir auglýsingu.

#### **2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum**

Skipulagsstofnun ákvarðaði um matsskyldu starfseminnar þann 23. mars 2018 og mat það svo að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og ákvað því að stöðin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að um sé að ræða mjög litla stöð þar sem fiskur er í lítilli fóðrun og er því losun frá stöðinni minni háttar. Frárennsli frá eldinu er losað í bæjarlæk sem rennur í Landsá, síðar sameinast áin Jökulsá á Fjöllum. Viðtakinn ber ekki merki ofauðgunar við núverandi starfsemi. Ef fram koma neikvæð áhrif losunar í viðtakann, umfram það sem gert er ráð fyrir, er hægt að bregðast við því skv. m.a. ákvæði 1.6 um endurskoðun starfsleyfis.

Umhverfisstofnun telur ekki að útlit og hönnun mannvirkja, sbr. 69. gr. náttúruverndarlaga, eigi erindi í starfsleyfisveitingu þar sem öll mannvirki hafa þegar verið reist og eru í notkun. Stækkun starfseminnar kallar ekki á stækkun mannvirkja. Ekki er um óraskað land að ræða heldur landbúnaðarsvæði í ábúð. Stofnunin bendir á að tekin er afstaða til hönnunar mannvirkja í byggingarleyfi eða framkvæmdarleyfi en ekki í starfsleyfi Umhverfisstofnunar þar sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 fjalla ekki um sjónræn áhrif.



### 3. Viðbrögð við athugasemdum sem bárust á auglýsingartíma

Tillaga ásamt fylgigögnum var auglýst á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 20. maí 2020 og var frestur til að skila inn athugasemdum til og með 18. júní 2020. Vakin var athygli á auglýsingu tillögunnar með því að senda tilkynningu til Matvælastofnunar, Orkustofnunar, sveitarfélagsins Norðurþings, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og til rekstraraðila.

Engar athugasemdir bárust Umhverfisstofnun á auglýsingartíma tillögu að starfsleyfi.

### 4. Breytingar á starfsleyfi frá auglýstri tillögu

- Breyting var gerð í grein 3.9 og þar tekið fram að endurnýta skuli úrgang eins og kostur er.
- Breyting var gerð í grein 3.10 þar sem bætt var við ákvæði um áætlun um meðhöndlun úrgangs.
- Breyting var gerð í grein 4.1 um skráningar með breytingu á uppsetningu lista yfir skráningar.
- Breyting var gerð í 4. kafla þar sem bætt var við gr. 4.5 um umhverfisupplýsingar vegna breytingalaga nr. 58/2019.

Auk þess voru gerðar aðrar minniháttar leiðréttingar sem ekki teljast til efnislegra breytinga.

### 5. Gildistaka

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila til að hafa að hámarki 11 tonna lífmassa af klakfiskum beikju og hrognum í eldisstöðinni.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Þegar Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi skal það sent Matvælastofnun. Matvælastofnun afhendir umsækjanda útgefin starfs- og rekstrarleyfi samtímis, sbr. 3. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila.